

Unnið við hreinsun, pökkun og skráningu á eldri skjölum – samkvæmt 3.gr.
reglna Þjóðskjalasafns Íslands nr.1065/2010 um frágang, skráningu og
afhendingu pappírskjala afhendingarskyldra aðila.

Skjalamyndari Hafnarfjarðarbær.

Verkefnið.

Hafnarfjörður fékk kaupstaðarréttindi árið 1908. Íbúar bæjarins eru rúm 28.000 árið 2015. Hafnarfjörður hefur sinnt lögbundnu þjónustuhlutverki sem bæjarfélag samkvæmt sveitastjórnarlögum nr. 138/2011. Þá hefur Hafnarfjörður verið eigandi fyrirtækja sem hafa þjónað bæjarbúum og nágrannasveitarfélögum og sem stofnuð hafa verið til atvinnuskópunar. Samhliða vaxandi bæjarfélagi hafa orðið til ýmis skjöl sem endurspeglar starfsemi stofnana og fyrirtækja bæjarins.

Þegar komið var að verkefninu voru engar geymsluskrár til um flokkun, skráningu og pökkun eldri skjala hjá Hafnarfjarðarbæ. Grófflokkun hafði aftur á móti áður verið gerð á eldri skjölum sem geymd eru í bókasafni bæjarins.

Hafist var handa við verkefnið og búnir til þeir skjalaflokkar sem stofnanir/fyrirtæki höfðu myndað með starfsemi sinni. Með flokkuninni og skráningunni verða allar upplýsingar sem skjölín hafa að geyma aðgengilegri og betur varðveisltar. Varðveislan felst m.a. í því að skjölín eru pökkuð í sýrulausan pappír og sett í öskjur sem merktar eru viðkomandi skjalaflokk.

Frágengin eru gögn samkvæmt ítrustu kröfum fyrir Fjölskyldupjónustu Hafnarfjarðar, skrifstofu menningar- og ferðamála í Hafnarfirði, íþróttá- og æskulýðsmála, Starfsmannafélagsins og Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar.

Þá skal það tekið fram að skjalaflokkarnir sem búnir hafa verið til eru engan veginn tæmandi þar sem mikið verk er enn óunnið í flokkun, skráningu og pökkun fyrir Hafnarfjarðarbæ. Handskrifaðar geymsluskrár sem eru lykillinn að frágengnu skjölunum eru í möppu og verða skannaðar inn í málaskrá bæjarins. Geymslustaður er Engidalsskóli, stofa 2.

Gögn frá Strandgötu 31.

Í mars síðastliðnum var hafist handa við að flytja öll gögn frá kjallara Strandgötu 31 en áður hafði kjallari Strandgötu 33 verið tæmdur. Á Strandgötu 33 voru gögn Fjölskyldubjónustunnar en á númer 31 voru gögn frá flestum stofnunum bæjarins.

Gögnin voru flutt í Engidalsskóla stofu 1 - 2 og 3 og listuð upp – eins og hægt var. Hillurekkar eru númeraðir til að auðvelda yfirsýn safnsins.

Gögn sem fóru í eyðingu og var hent:

127 kassar af bókhaldi, blöð og tímarit, mikið af því frá Hafnarborg. Launalistar, launaskrá, umsóknir, niðurgreiðslur, ráðstöfun barnabóta, lausafjáruppbóð, fasteignauppbóð og afrit lögveðsbréfa.

Tekin voru frá sýnishorn frá árinu 1985 af launalistum og launaskrá.

Gögn sem eru í Engidalsskóla:

Stofa 1 – hilla 4. Slökkvilið, fasteignagjöld, Starfsmannafélag Hafnarfjarðar, húsnæðisskrifstafa, vinnumiðlun, manntal og fleira.

Stofa 1 – hilla 5. Fræðslumál, húsnæðismál, atvinnumál, fasteignagjöld og fleira.

Stofa 1 – hilla 6. Manntal, Bæjarútgerð, byggðarvernd, Byggingarfélag alþýðu, Sjómannafélag Hafnarfjarðar og fleira.

Stofa 1 – hilla 7. Bókhald, Bæjarútgerð, vinnumiðlun og fleira.

Stofa 1 – hilla 8. Bókhald.

Stofa 1 – hilla 9. Svæðisskrifstafa fatlaðra, bókhaldsgögn skráð í eyðingu og 16 öskjur af löggregluskýrslum. Allt gögn sem þarf að skoða með eyðingu í huga.

Stofa 2 – hilla 1. Bæjarútgerð Hafnarfjarðar og vinnumiðlun, 53 stórir kassar.

Stofa 2 – hilla 2. Dagbækur slökkviliðsins frá árunum 1952-2000, lögtaksbækur, 28 stórir kassar merktir „ýmislegt, laun og fleira.“

Stofa 2 hill 3. Gögn frá bókasafni, 9 stórir kassar.

Stofa 2. Á veghillu eru 18 stórir kassar.

Stofa 2. Efst á hillum 1 og 2 eru módel og kort frá skipulaginu.

Stofa 3 – hilla 10. Fræðslumál, skipulag og fleira. Alls 42 stórir kassar.

Stofa 1 – hilla 11. Skipulags- og byggingarmál.

Stofa 1. Á vegghillum eru alls 117 stórir kassar.

Það eru enn gögn á brettum frá skipulaginu en hillurnar sem ætlaðar eru fyrir þau eru lausar.

Frá Strandgötu 33, komu jafnframt kassar úr hvelfingu, pakkaðir af Danival Toffolo. Merktir samkvæmt málalyklum Fjölskyldubjónustunnar.

Þá eru í skjalasafninu hluti af einkaskjalasöfnum frá Jóni Gíslasyni útgerðarmanni og Jóni Mathiesen kaupmanni.

Afhendingalistar eru yfir allt það sem borist hefur frá bókasafninu.

Hafnarfirði, 28. apríl 2015

Valgerður Sigurðardóttir
Valgerður Sigurðardóttir, BA sagnfræði og skjalfræði. *Janhaugen*

